Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÞÝSK1ÞC05
Kennari:	Hólmfríður Friðjónsdóttir
Önn:	Haustönn 2026
Áætlun unnin:	18.8.2026

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

-greina og setja fram þann orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
-flokka og greina grundvallarþætti þýska málkerfisins
-setja fram og fá skilning á menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

-skilja talað mál um kunnugleg efni, fylgja almennum munnlegum fyrirmælum og greina helstu aðalatriði í kvikmyndum þegar fjallað er um afmörkuð efni
-lesa margs konar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
-afla sér einfaldra hagnýtra upplýsinga og taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir með því að beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
-segja frá á skýran hátt, í nútíð og liðinni tíð, og halda stutta kynningu á undirbúnu efni með því að --
-beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt
-skrifa styttri samfelldan texta um efni sem hann þekkir, draga ályktanir og tjá eigin skoðanir
-nota upplýsingatækni og hjálpargögn, svo sem orðabækur, við ritun texta

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

-fjalla á tiltölulega einfaldan hátt, munnlega og skriflega, um efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á sem og eigin skoðanir og persónulega reynslu
-bjarga sér á þýsku við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum
-tileinka sér aðalatriðin í frásögnum og mismunandi tegundum texta og geta dregið ályktanir ef efnið er kunnuglegt
-geta metið eigið vinnuframlag og annarra
-tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og hafa trú á eigin kunnáttu í faginu.

sem metið er með:	munnlegum og skriflegum smærri og stærri verkefnum sem dreifast jafnt yfir önnina.

Námsefni:	Sett inn í Teams og Inspera alla önnina jafnt og þétt frá kennara
Námsmat:	
	Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Kennari setur í upphafi hverrar viku inn kennsluefni og verkefni því tengd ásamt nákvæmum útskýringum á tilhögun námsins.
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka á miðnætti á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.
Námsmat:
Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina.